

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi við Löngumýri 43 í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi í Hofsstaðamýri á lóð nr. 43 við Löngumýri. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja sólstofu við húsið. Breytingartillagan nær einungis til viðkomandi lóðar og hefur ekki í för með sér breytingu á skipulagsupprætti.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 5. mars 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.